



Neytendasamtókin

Ísafjarðarbær  
B/t Guðmundar Gunnarssonar, bæjarstjóra  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafirði

Reykjavík 27. nóvember 2018

Ísafjarðarbær

MOTTAK.D

03. des. 2018

Málsnr. 2017-01-0042  
Frumrit - skilist til skjalasafns

**Efni: Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2019.**

Með bréfi þessu fara Neytendasamtókin þess á leit við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún styðji neytendastarf að næsta ári með framlagi til Neytendasamtakanna.

Neytendasamtókin voru stofnuð 1953 og eru ein elstu neytendasamtök í Evrópu. Þau hafa allt frá upphafi sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur og aðstoðað þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Á ári hverju koma um 9000 mál á borð samtakanna og veita þau umsagnir um á firminta tug þingsályktunartillagna og lagafumvarpa sem varða neytendur og leigjendur. Þá hafa Neytendasamtókin átt frumkvæði að stofnun kærunefnda, þau taka þátt í margi konar starfi þar sem rödd neytenda þarf að heyrist og leggja sitt að mörkum við að fræða neytendur hvort sem er í gegnum fjölmörla eða með útgáfu Neytendablaðsins. Félagsmenn eru rúmlega 8.000 og standa þeir undir um 70% af rekstri starfseminnar með félagsjöldum sínum, um 15% eru opinberir styrkir og annað eins vegna annarra tekna. Til samanburðar má nefna að á Norðurlöndum standa standa opinberir styrkir undir frá 45% og upp í um 80% rekstrarkostnaðar systursamtakanna.

Undanfarin 5 ár hafa Neytendasamtókin rekið leigjendaðstoð (sjá leigjendur.is) og hefur eftirspurn eftur þeiri mikilvægu þjónustu stóraukist ár frá ári. Notendur þjónustunnar eru hvaðanæva að af landinu. Nokkur stærstu sveitarfélög landsins styrja Neytendasamtókin og gerir þeim kleift að veita leigendum meiri og betri þjónustu.

Neytendasamtókin sækja því um styrk hjá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vegna þeirrar samfélagslegu þjónustu sem samtókin veita íbúum sveitarfélagsins að upphæð um 5 kr. fyrir hvern íbúa.

Því sækja Neytendasamtókin um styrk hjá Ísafjarðarbæjar að upphæð 20.000 krónur fyrir árið 2019.

Virðingarfullst,  
f.h. Neytendasamtakanna

Breki Karlsson, formaður